

Borgarstjóri  
Dagur B. Eggertsson

Reykjavík, 28. febrúar 2020.

### **Stýrihópur vegna mótunar stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til 2030 hefur lokið störfum.**

Borgarstjóri skipaði stýrihóp 13. mars 2019 sem vinna skyldi að mótun stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til ársins 2030.

Hllutverk stýrihópsins skv. erindisbréfi:

- Varpa ljósi á mikilvægustu þætti sem geta haft áhrif á íþróttastarf, íþróttaiðkun og aðra valkosti í tómsundum í Reykjavík í náinni framtíð.
- Leggja mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og sett fram stefna og framtíðarsýn.
- Virkja hagsmunaaðila (Reykjavíkurborg, félög, iðkendur og forráðamenn) í Reykjavík til þátttöku í umræðum um framtíðina, auka skilning á valkostum og efla samstöku um aðgerðir.
- Móta stefnu fyrir íþróttir í Reykjavík til ársins 2030 sem verði leiðarljós borgaryfirvalda og hagsmunaaðila á komandi árum um markmið og aðgerðir í íþróttamálum.

#### **Hópin skipuðu:**

Pawel Bartoszek MÍT, formaður  
Katrín Atladóttir MÍT  
Hjálmar Sveinsson MÍT  
Ingvar Sverrisson ÍBR  
Guðrún Ósk Jakobsdóttir ÍBR

#### **Með hópnum störfuðu:**

Ómar Einarsson ÍTR  
Steinþór Einarsson ÍTR  
Helga Björnsdóttir ÍTR  
Frímann Ari Fendinandsson ÍBR.

Jafnframt störfuðu með hópnum Kristján Einarsson og Einar Þór Bjarnason ráðgjafar frá Intellecta.

Stýrihópurinn starfaði frá 11. mars 2019 til 27. febrúar 2020. Haldnir voru samtals 15 fundir í stýrihópnum. Haldnir voru tveir stærri samráðsfundir, einn með kjörnum fulltrúum og annar með fulltrúum aðildarfélaganna ÍBR. Jafnframt var haldinn fundur með fjölmenningsráði. Drög að stefnunni voru sett í opið 16 daga samráðsferli á heimasíðu Reykjavíkurborgar og bárust 7 umsagnir. Í kjölfarið var unnið úr umsögnum og tillögurnar aðlagðar með hliðsjón af þeim.

Á seinasta fundi sínum, þann 27. febrúar 2020, samþykkti stýrihópurinn svo tillögu að nýrri íþróttastefnu Reykjavíkur til ársins 2030. Tillagan fylgir með bréfi þessu.

Framtíðarsýn stefnunnar er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Til að ná fram þeim markmiðum eru settar fram stefnuáherslur og forgangsráðaðar aðgerðir sem fram koma í stefnunni.

Hópurinn telur rétt að sú stefna sem lögð er til taki þegar gildi og komi í stað þeirrar stefnu sem nú er í gildi og átti að gilda út árið 2020. Jafnframt er talið rétt að ráðist verði í þær aðgerðir sem tilgreindar eru þegar að lokinni samþykkt stefnunnar, til dæmis með skipun starfs- og stýrihópa um einstaka aðgerðir þar sem við á.

Með þökkum fyrir sýnt traust og von um að sú vinna sem unnin hafi verið af hendi reynist íþróttalífi Reykjavíkur farsæl.

Pawel Bartoszek  
formaður stýrihópsins

